

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (frítekjumark vegna lífeyristekna).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Við 3. mgr. 22. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þá skal lífeyrisþegi hafa sérstakt frítekjumark vegna lífeyristekna sem nemur 1.200.000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2024.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á 149., 150., 151., 152. og 153. löggjafarþingi (78. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Það er nú lagt fram að nýju. Fjórar umsagnir bárust um frumvarpið á 152. löggjafarþingi, frá Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálp, Landsamtökum lífeyrissjóða og Landssambandi eldri borgara. Þá bárust tvær umsagnir um málið á 153. löggjafarþingi frá Landssamtökunum Þroskahjálp og Landssamtökum lífeyrissjóða. Umsagnaraðilar studdu allir markmið frumvarpsins.

Almennt frítekjumark er mjög lágt í sögulegu samhengi og er markmið þessa frumvarps að auka sanngirni í almannatryggingakerfinu og hvetja til sparnaðar lífeyrisþega með því að draga úr skerðingum. Með lögum nr. 116/2016, um breytingar á lögum um almannatryggingar og fleiri lögum, var meðal annars gerð sú breyting á ellilífeyriskerfi almannatrygginga að öll sértæk frítekjumörk vegna einstakra tegunda tekna voru afnumin. Þess í stað var lögfest eitt almennt frítekjumark sem nemur 300.000 kr. á ári og gildir um allar tekjur ellilífeyrisþega, óháð tegund þeirra. Með lögum nr. 96/2017 var einnig lögfest sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna, sbr. nú 2. másl. 3. mgr. 22. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.

Samkvæmt upplýsingum í svari félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn á 149. löggjafarþingi (þskj. 1313, 605. mál) nema heildarskerðingar til ellilífeyrisþega vegna lífeyrissjóðstekna 37,556 milljörðum kr. árlega. Eldri borgarar hafa sjálfir sparað fyrir lífeyrissjóðshlutdeild sinni. Lífeyristekjur eru því ekki launagreiðslur sem koma frá vinnuveitendum að starfsaldri loknum. Því felst í skerðingu bótagreiðslna á grundvelli lífeyristekna óbein skerðing á þeim hagsmunum sem eldri borgarar hafa unnið sér inn með vinnu sinni í gegnum tíðina. Það mun, samkvæmt upplýsingum frá félags- og barnamálaráðherra í fyrrnefndu svari, aðeins kosta ríkissjóð 16,075 milljarða kr. í aukin útgjöld árlega ef frítekjumark lífeyristekna verður hækkað upp í 100.000 kr. á mánuði. Það er eðlilegt að almenningur njóti eigin sparn-

aðar og það er skref í rétta átt að koma á 1.200.000 kr. sérstöku frítekjumarki vegna lífeyris-
tekna.

Í eftirfarandi töflu má sjá hvaða áhrif framangreindar leiðir hefðu á árlegan kostnað ríkis-
sjóðs við almannatryggingakerfið ef eingöngu er miðað við ellilífeyrisþega. Leið a sýnir ár-
legan kostnað ríkissjóðs ef hætt yrði við allar skerðingar á ellilífeyri, leið b ef hætt yrði öllum
skerðingum almannatrygginga vegna lífeyrissjóðstekna ellilífeyrisþega og leið c ef ellilíf-
eyrisþegar væru með 1.200.000 kr. sérstakt frítekjumark vegna lífeyrissjóðstekna. Allar tölur
eru í milljónum króna.

Leið	a	b	c
Ellilífeyrir	38.512	33.907	14.387
Heimilisuppbót	2.343	2.150	1.061
Eingreiðslur	1.555	1.499	627
Samtals	42.410	37.556	16.075